

5 íbúðum á hvorri hæð. Bifreiðastæði sem áður voru fyrirhuguð vestan húsanna verða nú norðan þeirra. Bætt er við gestastæðum norðan við Lyngbakka og minnkar fyrirhugað leiksvæði sem því nemur. Jafnáhættulínur vegna ofanflóða á svæðinu eru færðar inn á uppdráttinn.

Skipulagsuppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög gera ráð fyrir.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykktur uppdráttur frá 6. apríl 2000.

F.h. Fjarðabyggðar, 6. janúar 2004.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um endurskoðun á deiliskipulagi í Arnarneslandi (Akrahverfi) í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt endurskoðun á deiliskipulagi í Arnarneslandi, nú kallað Akrar, í Garðabæ.

Svæðið afmarkast af Hafnarfjarðarvegi til vesturs, Arnarnesvegi til norðurs, Bæjarbraut til austurs og Arnarneslæk og Fjölbrautaskóla Garðabæjar til suðurs.

Í breytingunum felst m.a. að á óráðstöfuðu svæði er gert ráð fyrir fjölbýlishúsi og að þjónustu- og íbúðalóð verði lóð fyrir fjölbýlishús. Rað- og keðjuhúsalóðum fækkar, parhús eru felld niður, íbúðum í fjölbýlishúsum fjölgar. Fjöldi einbýlishúsalóða er óbreyttur. Skilmálar hafa verið aðlagðir að breyttum aðstæðum. Jafnframt eru gerðar breytingar á megin- aðkomu í hverfið sem verður frá fimm arma hringtorgi við Arnarnesveg í stað Bæjarbrautar áður.

Við ofangreinda endurskoðun hafa verið unnir nýir uppdrættir og ný útgáfa skipulags-skilmála. Eldri skipulagsgögn falla úr gildi.

Við fullnaðarfrágang skipulagsgagna voru eftirfarandi lagfæringar gerðar; hringtorg á mótum Arnarnesvegjar og Bæjarbrautar var stækkað, í fjölbýlishúsum var staðsetningu bílastæða sem liggja að götu breytt þannig að gangstétt er höfð á milli bílastæða og götu, fjölbýlishúsalóð við Maltakur var skipt upp þannig að í stað eins húss og einnar lóðar koma þrjú hús og þrjár lóðir en fjöldi íbúða er óbreyttur svo og hæðir húsa, við Árakur var gerð heildarlóð fyrir hverja raðhúsalengju í stað skiptra lóða, aðkoma að leikskólalóð verður frá Línakri, heimild byggingarfulltrúa til að hækka gólfkóta verður 15 cm í stað 20 cm.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 9. janúar 2004.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.